

/ ALPJÓÐLEG FLUGLEIÐSÖGUPJÓNUSTA - GJALDTAKA

Gildir frá 1. janúar 2023

1. INNGANGUR

Í skjali þessu eru gefnar upplýsingar um gjöld þau sem tekin eru af almennu flugi sem fer yfir Norður-Atlantshafið, norður fyrir 45°N, í samræmi við ákvörðun Alþjóðaflugmála-stofnunarinnar. Gjaldtakan er til að fjármagna þjónustu og innviði sem veitt eru af Íslandi samkvæmt skilyrðum sem fram koma í í samningnum „Agreement on the Joint Financing of Certain Air Navigation Services in Iceland“ (ICAO Doc. 9586-JS/682).

2. REIKNIREGLA

Gjaldtaka fyrir ofangreinda þjónustu er í tveimur hlutum:

1. Gjald pr. flug í gegnum svæðið. Fullt gjald árið 2023 er 6.681 ISK og er það innheimt fyrir flug milli Evrópu og Kanada eða Bandaríkjanna. Tveir þriðju hlutar gjaldsins skulu greiddir fyrir flug milli Evrópu og Grænlands eða Íslands og Kanada eða Bandaríkjanna. Einn þriðji hlutur gjaldsins skal greiddur fyrir flug milli Grænlands og Kanada eða Bandaríkjanna, Grænlands og Íslands og Íslands og annarra evrópskra ríkja. Flug til eða frá Evrópu eða Íslandi sem fer ekki yfir strönd Norður Ameríku en fer þó yfir lengdarbauginn 30°V fyrir norðan 45°N greiðir einn þriðja gjaldsins.
2. Gjald fyrir vegalengd sem flogin er í flugupplýsingasvæðunum Reykjavík og Nuuk, þó innan marka flugstjórnarsvæðis Reykjavíkur. Gjaldið er margfeldi af vegalengd (d) og einingaverði (t).

$$\text{Gjald fyrir vegalengd} = d \times t$$

Vegalengdin (d) er fundin með því að deila með 100 í þann fjölda kílómetra sem flogið er í stórbaugsboganum milli brottfararflugvallar eða innflugspunktar flugupplýsingasvæðanna og fyrsta landingarstaðar innan, eða útflugspunktar, á flugupplýsingasvæðunum. Inn- og útflugspunktar eru þar sem lóðrétt mörk flugupplýsingasvæðanna skera leið loftfarsins. Vegalengdin er minnkuð um 100 kílómetra fyrir hvert flugtak frá og fyrir hverja landingu innan flugupplýsingasvæðis Nuuk og í Færeyjum og 220 kílómetra fyrir hvert flugtak frá og fyrir hverja landingu á flugvöllum á Íslandi.

Einingaverð fyrir 2023 er 3.602 ISK.

Flug sem eingöngu eru undir FL285 innan flugupplýsingasvæðanna og öll flug til eða frá flugvöllum á Grænlandi greiða hálf einingaverð.

3. UNÐANÞÁGUR

Eftirfarandi er undanþegið gjöldum:

- > Flug sem eingöngu er í þeim tilgangi að flytja ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandamenn þeirra, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra ríkisstjórnar í opinberri sendiför og í öllum tilvikum verður undanþágan að vera rökstudd með viðeigandi stöðuvísi eða athugasemd í flugáætlun.
- > Leitar- og björgunarflug sem eru heimiluð af þar til bærum aðila.
- > Herflug frá öllum ríkjum.
- > Flug sem er eingöngu til eftirlits eða prófana á búnaði sem er notaður eða ætlaður til notkunar sem leiðsögutæki á jörðu niðri fyrir flugleiðsögu, að undanskildu staðsetningarflugi loftfarsins sjálfs.
- > Loftfar sem snýr aftur til brottflugsflugvallar án þess að hafa lent á öðrum flugvöllum.
- > Flug sem fljúga eingöngu undir FL195 í Nuuk FIR.

4. INNHEIMTA

Gjöld þessi eru innheimt fyrir Ísland í Bretlandi í breskum pundum (GBP). Önnur gjöld geta verið innheimt samhliða þessum gjöldum, þar með talið gjöld vegna þjónustu og innviða sem Danmörk veitir í flugstjórnarsvæðinu sbr. samninginn “Agreement on the Joint Financing of Certain Air Navigation Services in Greenland” (ICAO Doc. 9585-JS/681).

Þessi gjöld í íslenskum krónum (ISK) er reiknuð mánaðarlega yfir í bresk pund (GBP) og er þá miðað við Bloomberg Closing Mid Rates síðasta dag mánaðar, tveimur mánuðum fyrir gildistöku umreiknaðs gjalds.

5. FREKARI UPPLÝSINGAR

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. janúar 2023 og er endurskoðuð árlega.

Isavia ANS ehf. er ekki ábyrgt fyrir innsláttarvillum eða öðrum villum í skjali þessu.

Viðskiptaskilmála Isavia ANS ehf. er að finna á heimasíðu Isavia samstæðunnar; www.isavia.is.